

Ó, vei yður nytsömu sakleysingjar, Gyðingahatarar og samsæriskeningasmiðir

Það rennur mér til rifja að ljá eyra stöðugum straumi falsfrétta af réttlátu stríði Ísraelsmanna gegn kakkalökkum og tvífættum skrímslum í Palestínu. Hatursorðræðunni eru engin takmörk sett.

Það ríður á, að frumvarp merkustu stjórnámamanneskju Íslendinga í áratugi, Katrínar Jakobsdóttur, verði samþykkt, svo þagga megri niður í þeim eftirminnilega. Hatursmennirnir eru hættulegir lýðræði voru og frelsi, og málfrelsi er ekki alltaf dygð eins og dæmin sanna.

Varhugaverðir eru líka vantrúa og vanþakklátir íbúar Gaza, stórir og smáir. Ísraelsstjórn, Ariel Sharon, gaf þeim svæðið, rak Ísraela á brott og víggirti ræmuna þeim til verndar. Stjórnin staðsetti meira að segja varðbáta undan ströndum Gaza til að vernda ferðamannaíðnaðinn og spilavítin, sem Ísraelsstjórn lagði að þeim að sýsla við, í stað þess á lifa á ölmusu frá útlöndum. Koma þyrfti í veg fyrir, að auðnuleysingjarnir breyttu skolplögnum í skotfæri.

Ísraelsstjórn gaf þeim líka kost á lýðræðislegum kosningum. Mannskepnurnar kusu yfir sig Hamas, sem eru hryðjuverkasamtök. Sjáið til! Hverju má búast við af fólki, sem hefur svo brenglaða siðvitund, að það kúgar konur og tekur þær meira að segja af lífi, án hjálpar vestrænna dómstóla. Hillary Clinton sagði allt, sem segja þarf um þessa hugvillu. Hryðjuverkamenn Palestínumanna hálshöggva líka ungarbörn. Svona höfum við aldrei gert í Vestrinu, enn einu sinni í krossferðunum.

Palestínumenn hafa aldrei skilið, að flestar formæðra ísraelskrar nýþjóðar, Ashkenazi Gyðingar frá Evrópu, aðallega þó frá Rússlandi, námu land í landinu helga til að leysa þá úr fjötrum eymdarinnar og hossa upp í æðri andlega vídd. Því Palestínumenn eru trúvillingar.

Eiginlega lögðu landnemar Gyðinga ekki undir sig landið. Flestir flæmdust þangað nauðugir viljugir, mælandi á jiddisku, til að yrkja eyðimörkina- eins og til stóð, að Íslendingar gerðu á jóskum heiðum.

Það var bandarískur rithöfundur, sem sagði landið strjálbýla eyðimörk. Það sagði líka breska áróðursmálaráðuneytið. Afleitir landkostir var sagt. En Arabar um allan heim urðu ofboðslega hrifnir. Þeir steðjuðu víða að til að fá vinnu. Því ræktuðu Gyðingar landið – að vísu „with a little help from their friends,“ samtökum sanntrúaðra auðkýfinga í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu, svo og skattgreiðendum Vesturlanda.

Rauðskjöldungar (Rothschild) voru og eru sérstakir vinir og velunnarar hinna nýju Ísraelsmanna. Gáfu t.d. þinghúsið og fengu eina götu í staðinn, Rauðskjöldungastræti.

En, en! Það var óhjákvæmilegt að drepa nokkur þúsund frumbyggja og reka um 700.00 auðnuleysingja úr landi, svo draumurinn um stórveldi hinnar guðsútvöldu þjóðar gæti loksins ræst, eftir um tíu alda bið. Fjöldamorð og hryðjuverk eru ekkert tiltökumál, þegar barist er fyrir Guðs ríki á jörð. Tilgangurinn helgar meðalið eins og allir vita.

Það hafði þó í för með sér óhjákvæmilegan fórnarkostnað eins og dráp barna og annarra óbreyttra borgara. Það endurtekur sig nú sem svar við tilefnislausri árás Palestínnumanna á Ísrael.

Það fer hreinlega í taugarnar á mér, að Palestínnumenn geti ekki sætt sig við dráp og landtöku á Vesturbakkanum, svo og sprengingu mosku, án þess að tryllast og leita hefnda.

Það hlýtur að renna upp fyrir Palestínnumönnum, að þeir séu annars flokks eins og Helótar forðum í ríki Spartverja. Í Suður-Afríku var svipað fyrirkomulag kallað „apartheid,“ aðskilnaðarstefna, og gafst bara býsna vel. Hin stolta þjóð Zulu, beygði sig í duftið. Og gáfaðasta og friðsamasta þjóð veraldar, Íslendingar, héldu þræla meira að segja.

Það er hafið yfir allan vafa, að Ísraelsmenn hafi óskoraðan rétt til að verja hendur sínar, t.d. með árásum á sjúkrahús, flóttamannabúðir og moskur. Þar leynast nefnilega Hamas liðar í kjöllum og göngum. En í raun eru árásir Ísraelshers ekki árásir, segir Bjarni Ben.

Svo þetta er allt í lagi. Hví ætti þá að þurfa að greiða atkvæði með tillögu um vopnahlé á vettvangi Sameinuðu þjóðanna? En engu að síður erum við á móti öllu ofbeldi eins og Sigurður Ingi, hefur tekið fram.

Og svo er Palestína heldur ekki Palestína eins og Hannes Hólmsteinn hefur bent á. Það er einmitt rúsínan í pylsuendanum. Bannsettir Grikkirnir klúðruðu nafninu, rétt eins og nafni Föníkumanna. Og ekki bætti úr skák, að Rómverjarnir gerðu það einnig.

Og vel á minnst! Það voru einmitt Rómverjar, sem sundruðu síðasta ríki Ísraels fyrir tveim áruþúsundum eða svo. Og fleiri stórveldi þar á undan. En það má einu gilda. Þjóð Gyðinga á óskorðan rétt til heimkynna „formæðranna,“ sem tvístruðust um allan heim, þó ekki til Kasaríu.

Það þarf svo sem ekki að rifja upp söguna af hernámi hinna fornu Ísraela á Kanan, stríði þeirra gegn Kananverjum og Filistínum, svo hreinsa mætti landið. Guð hafði hvíslað því í eyra Mósesar, að þar væri fyrirheitna landið að finna. Og eins og menn muna, gekk Ísraelinn, Davíð, af Golíat dauðum. Það útkljáði landadeiluna í eitt skipti fyrir öll. Í því ljósi er efasemdapvaður vinstri kjánanna um rétt Ísraels til landsins óskiljanlegur. (Við látum sögu Föníkumanna liggja á milli hluta. Hún flækir bara málið.)

Höfundar samsæriskenninga halda því fram, að Bandaríkjamenn leggi Ísraelum lið, og hafi fært þeim kjarnorkuvopn upp í hendurnar. Það er haugalygi. Þeir fullyrða meira að segja, að Hamas sé bandamaður Ísraelstjórnar eins og Benjamín sagði. En hann misminnti barasta. Eldflaugarnar frá Jemen, sem Bandaríkjamenn skutu niður, er falsfrétt Lík „bandarískra“ hermanna, sem fjarlægð voru af vígvellinum á Gaza eru leikarar Hamas.

Herskip Bandaríkjamanna úti fyrir ströndum Ísraels og í Persaflóa eru bara til sýnis, enda þótt Íranar mættu nú loksins fá makleg málagjöld. Þeir kúga líka konur og banna þeim að klæðast eins og þær vilja. Það var hárrétt af fyrrverandi utanríkisráðherra að fordæma slík mannréttindabrot.

Hið volaða vinstri er heltekið hatri í garð Bandaríkjamanna. Þeir dirfast að efast um einlægni þeirra í eilífri baráttu fyrir lýðræði og frelsi, sbr. stríð þeirra í Úkraínu, sem er framvörður lýðræðis, frelslis og vestrænna gilda, í Austur-Evrópu. Svo vitanlega stríðið í Serbíu, Írak, Sýrlandi, Afganistan og Líbíu – og í öllum hinum ríkjunum, sem þeir hafa beint á rétta braut.

Bandaríkjamenn stjórnast af „rule based international order.“ Þeir eiga svo sannarlega skilið að hrifsa til sín nokkra olíudropa að launum fyrir ómak sitt og armæðu. Maklegt væri, að þeir fengju sinn skerf af olíuauði Gaza, þegar sigur þeirra og Ísraelsmanna er í höfn.

Bandaríkin eru nú einu sinni gersamlega ómissandi í veröldinni. Það hafa margir forsetar þeirra bent á, t.d. Barrack Obama. Þau eru heimavöllur hinna frjálsu og hugprúðu. Því er líka skiljanlegt, að atvinnulíf þeirra snúist að umtalsverðu leyti um hergagnaframleiðslu og stríðsrekstur.

Við ættum í raun rétttri að vera þakklát Bandaríkjunum og stríðsbandalagi þeirra, Nató. Raunar ættu Íslendingar að greiða Bandaríkjunum árlega fyrir vernd í viðsjárverðri veröld. Allir vita, að Rússagrýlan bíður færís rétt handan við hafið og snuðrar

linnulaust í kringum Ísland með illt í huga. Rússar eru líka eitt af öxulveldum hins illa eins og Josph Biden hefur bent á. (Hann lærði þetta af George Bush.)

Verum minnug þess, að frelsi krefst fórna. Lokaorrustan kynni að vera innan seilingar. Krossinn mun sigra hálfmánann og stjarna Davíðs mun lýsa skært á himni.

Hermönnum Guðs og páfa mistókst að útrýma vanhelgum kakkalökkum úr landinu helga fyrir þúsund árum. En nú mun ætlunarverkið takast og samkomuhús Salómons endurreist á Musterishæðinni. Á þá leið var hvatning Guðs til ísraelsku þjóðarinnar úr munni spámannsins. Réttlætið sigrar alltaf að lokum, þrátt fyrir langa píslargöngu Gyðinga, sem eru eins og endranær í viðkvæmri stöðu.